

Ritstjórnarsími nr. 500

Ritstjóri: Vilbjálmur Finsen

Ísafoldarprentsmíðja

Afgreiðslusími nr. 500

Hérmeð tilkynnist að maðurinn minn, Sigfús Bergmann kaupmaður andaðist að heimili sínu í morgun.

Jarðarförin ákveðin síðar.

Hafnarfirði 9. nóv. 1918.

Þorbjörg Bergmann.

Sóttin mikla.

Árið, sem nú er að líða, mun lengi í minnum haft, sem ár friðarins. Óskin, sem allar þjóðir heimsins hafa borið fyrir brjósti, hefir gengið eftir. Sverðin eru slöðuð á vígvelli Evrópu.

Hver hefði spáð því, að svo mikil tíðindi gerðist hér á meðal vor, að menn mintus: naumast á vopnahléið, byltinguna þýzku og landflotta þess þjóðhöfðingja, sem mest hefir verið um rætt síðustu árin, þeirra vegna? Hver hefði spáð því, að svo viðburðaríkir dagar biðu vor, að vér gleymdum Kötlu, spúandi eldi og eimyrju yfir nálægum sveitir?

Nú nefnir enginn Reykvikingur Kötlu, fremur en hún hefði aldrei verið til. Og engir fána svífu að hún á þriðjudaginn var, til þess að fagna friðnum. Í stað þess drúptu fána á miðri stöng, sem sýnilegt tákni drepsóttarinnar, sem dauðinn hefir fengið að vopni, í okkar afspekta landi.

Utan úr heimi hafa borist öðru hvoru síðan í sumar fregnir af infúenzunni, sem geisad hefir víðsvegar um Evrópu, og nú upp á síðkastið einnig vestan hafs. En það virðist svo, sem að menn hafi eigi álitid veikina jafnskæða og raun er á orðin. Infúenzan, sem menn hafa átt að venjast síðustu árin, hefir verið mjög meinlaus, og fólk hefir talið hana lítið verri en slæmt kvef. Og það virðist mega ætla, að læknar vorir sumir hafi eigi álitid, að veruleg hætta gæti stafað af henni, því að annars mætti það heita ófyrirgefanlegt skeytingarleysi að hafa eigi betri viðhúnað undir komu hennar þingað, en gert var, eða gera eigi ráðstafanir til að tesja svo fyrir veikinni, að mikill meiri hluti bæjarbúa sýktist ekki samtímis, og vandræðin þar af leiðandi yrði óviðráðanleg.

Á miðvikudaginn annan en var má telja að þriðjungur bæjarbúa hafi verið orðinn veikur. En næstu dagana breiddist veikin svo mjög út, að um síðustu helgi mun ýkjulaust mega telja, að tæpur þriðjungur bæjarbúa hafi verið á uppréttum fótum. Þá dagana var því líkast

sem alt líf væri að fjara út í bænum. Góturnar voru að kalla mátti auðar af fólki, og ætíð voru það sömu andlitin sem sáust, flest eindra fólk. Í byrjun þessarar viku fóru fóru að sjást ný andlit, sjúklingar, sem gengnir voru úr greipum sóttarinnar. En um sama leyti fór hinn hryggilegi fórunautur Infúenzunnar, lungnabólgan, að færast í aukana, og með henni fjölgaði mannslátunum.

„Lokað“.

Um það leyti sem Morgunblaðið hætti að koma út, var mjög tekið að bryða á því, að sölubúðir væru lokaðar allan daginn, og margar lokaðar öðruhvora vegna þess, að eigi var nema einn maður uppistandandi í hverri búð. Og smám saman urðu lokuðu búðirnar fleiri og fleiri. Stór verzlunarhús, eins og t. d. Vöruhúsið, hafa verið lokuð í meira en viku. Bakaríin urðu að loka flestöll, því að bakararnir lágu veikir og ekkert var til að selja. Þó hafa bakarí Vald. Petersens á Laugavegi 42, frú Kristínar Simonarson og Alþýðubrauðgerðin getað selt brauð daglega, eftir því sem vér vitum bezt. Og mjólkursölustaðirnir hafa ætíð getað afgreitt mjólk í bæinn, enda hefðu þeir sízt af öllu mátt missa sig.

Síðastliðinn laugardag var, að því er komist verður næst, ekki fimta hver sölubúð í bænum opin. Og þar sem opið var, var alls eigi miklið að gera, jafnvel í matarverzlunum.

Afgreiðslutími bankanna var stytur að miklum mun. Þar hefir síðastliðna viku að eins verið opið 1 til 3, og þýsna faliðað. Í Íslandsbanka hafa t. d. suma dagana aðeins 3 menn verið við afgreiðslu, þar á meðal sá bankastjórinn, sem nú er heima; en í Landsbankanum hafa altaf verið nokkru fleiri. Stjórnarráðið hefir verið lokað suma dagana, og flestar eða allar opinberar skrifstofur. Afgreiðslutími póststofunnar var stytur að miklum mun, og sú stofnun, sem mest var um vert að opin héldist, landssíminn,

varð einnig að leggja árar í bát. Um miðja fyrri viku varð að hætta afgreiðslu símasamtala út um land, og skömmu síðar var einnig hætt að afgreiða símskeyti. Verst var ástandið á laugardaginn var, því að þá mun eigi nema einn maður af öllu starfsfólki landssímastöðvarinnar hafa verið uppi standandi, en daginn eftir voru einn eða tveir komnir í viðbót. Miðstöðinni mun altaf hafa verið haldið opinni nema part úr einum degi, en þjónustutíminn var stytur, vegna þess að sömu stúlkurnar, eða sama stúlkann, urðu að vera á stöðinni allan daginn. Sendisveinaleysi hefir mjög bagað landssímastöðina, og eigi verið hægt að senda út um bæinn skeyti þau, er tekið hefir verið á móti. Loftskeytastöðin hefir starfað að mestu, og hefir þó forstjórinn verið veikur, en þó daglega að kalla má náð merkustu blaðaskeytum.

Venjuleg störf bæjarbúa hafa legið í kaldakoli. Flestir rúmfastir, en þeir sem uppi stóðu, mátu meir — sem betur fer — að sleppa niður atvinnu sinni, til þess að vinna það sem mest lá á, að hjúkra og hlynna að heimilinum — bæði ríku og fátækum — sem ekki áttu neina heilbrigða hönd.

Hjálparvana.

Það reyndust fleiri dyr lokaðar en dyr sölubúðanna. Þeir sem á fótum voru fóru, er á leið vikuna, að taka eftir því undarlega fyrirbrigði, að dyr íbúðarhúsa hér og hvar um bæinn voru harðlæstar um hábjartan daginn. Og það kom þá í ljós, að í einstaka húsum var engin manneskja uppistandandi, allir veikir, og enginn sem gat hjálpað. Sömu leiðis gaf að líta sjúka foreldra og óvita börn svöng í rúminu, en enga manneskju til að hjúkra eða færa björg. Svo mögnuð var sóttin orðin og útbreidd. Og engir kunningjar komu að vitja, því þeir voru líka veikir.

Hjúkrunarnefndin.

Fyrir forgöngu Lárusar H. Bjarnason komst hún á laggirnar 8. þ. mán., og tók þegar að starfa undir stjórn hans. Verkefnið var mikið, en mannaflinn, sem hún fékk til umráða, að sama skapi ónógur. Þó náðist strax til nokkuð margra manna, er þegar voru gerðir út til þess að ganga á milli húsa og veita hjálp, þar sem þörfin var brýnust. Það er eigi of mælt að þessi tilstofnun hafi bjargað mörgum mannslífum, margir hafa fengið hjúkrun og bata, sem ella hefðu orðið herfang dauðans vegna ónógrar eða engrar aðhlynningar. Og nú var fengin stofnun, er fólk, sem einhvern hafði að senda, gat snúið sér til og fengið

hjálp. Margir hefðu áreiðanlega farið á mis við læknishjálp og meðal, mat og hjúkrun, ef eigi hefði verið komið skipulagi á, að veita fyrst hjálpina þar sem hennar var brýnust þörf, án tillits til alls annars.

Á hjúkrunarskrifstofunni var lækni að hitta nætur og daga, peningahjálp veitt fátækum til meðalakaupa og aonara brýnustu nauðsynja. — Skrifstofan sá einnig um flutning sjúkra á spítalana, og hefir látið útbýta sjúkrafæðu ókeypis á tveim stöðum í bænum. Eins og geta má nærri hafa þýsna miklir örðugleikar verið á því, að veita alla þá hjálp, sem um hefir verið beðið. Kvenfólk vantar tilfinnanlega, eins og ræður að líkindum, þegar hjúkrunarstarfsemin á í blut.

Veslings læknarnir.

Flestir munu vist þykjast hafa átt örðuga daga undanfarið, hvort sem sjúkir hafa verið eða heilbrigðir. En þó munu tæplega fáir hafa verið jafn hart leiknir og læknarnir, sem sóttin beit ekki á.

Þeir Matthias Einarsson og Þórður Thoroddsen munu altaf hafa haft ferlivist meðan sóttin var sem skæðust. Sömu leiðis landlæknirinn og Guðmundur Hannesson prófessor. Hinir hafa allir legið fremur stutt — sumir ekki nema 1—3 daga — að undanteknum þeim Halldóri Hansen, Stefáni Jónssyni og Jóni Kristjánssyni, sem allir voru þungt haldnir og Jóni héraðslækni og Konráð Konráðssyni.

Það ræður að líkindum hve gifurlegt erfiði læknanna hefir verið þessa daga. Þó að eigi sé gert ráð fyrir að meira en tuttugasti hver sjúklingur hafi notið læknishjálpar daglega að meðaltali — en það mun vafalaust oflágt reiknað — þá verða læknisvitjanir samt 500 á dag, ef rétt er sem fullyrt er, að tveir þriðjuhlutar bæjarbúa hafi legið samtímis. Það gæfi ranga hugmynd um störf læknanna að segja að þeir hafi unnið frá morgni til kvelds. Nei, þeir hafa hamast frá morgni fram á miðjar nætur. Vér höfum t. d. góðar heimildir fyrir því að Matthias Einarsson hefir venjulega verið á þönum frá kl. 7 á morgnana til kl. 2 á nóttunni og stundum lengur, og má það heita þrekvirki. Maggi Magnús hefir verið næturlæknir Hjúkrunarskrifstofunnar en jafnan verið og í sjúkravitjunum mesta hluta dagsins.

Hjúkrunarnefndin hefir oftast getað lagt læknunum til bifreiðar, og og hefir sú ráðstöfun mjög flýtt fyrir þeim. Yfirleitt hafa bifreiðarnar verið hinar þörfustu og er t. d. sennilegt að margt fólk hefði alls ekki komist á sjúkrahús ef þeirra hefði ekki notið við.